



## Skipulags- og samgönguráð

**Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, vegna framlagningar lista fyrir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur – US200010.**

Fundur skipulags- og samgönguráðs 8. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa flokks fólksins, vegna yfirlits yfir innkaup USK. Vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, fjármáladeildar:

Í framhaldi að framlagningu lista yfir innkaup umhverfis og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir nánari upplýsingum:

- 1) *Hvað ræður því að farið er í útboð í stað þess að láta verðsamanburð nægja þegar upphæð er undir viðmiði útboðsreglna?*
- 2) *Ferli verðsamanburðar er ekki nægjanlega gegnsætt til að almenningur geti fylgst með. Sem dæmi er EFLA fyrirtæki sem verið er að greiða háar upphæðir. Er t.d. Efla ódýrasta fyrirtækið og hjá hvaða öðrum fyrirtækjum var verð athugað þegar verið var að leita að fyrirtæki til að sinna verkefnum sem Efla var síðan ráðið í.*
- 3) *Á lista um innkaup þarf að koma fram forsendur fyrir þeirri ákvörðun sem tekin er með hver innkaup, hvaða forsendur eru fyrir því að þau fyrirtæki sem hér eru valin fá verkefnið? Á hvaða grundvelli eru þau ráðin?*
- 4) *Eins vantar upplýsingar um afslætti, magnafslætti t.d. hjá þeim fyrirtækjum sem eru að fá flestu og dýrustu verkefnin. Veitir sem dæmi Efla borginni afslátt?*

Svör:

Um er að ræða yfirlit yfir innkaup sem lagt er fram samkvæmt :

- 1) Ávallt er farið í útboð/verðfyrirspurn samkvæmt innkaupareglum ef mögulegt er.
- 2) Mikil áhersla hefur verið lögð á upplýsingagjöf til innkauparáðs um einstök viðskipti vegna kaupa á sérfræðipjónustu. Þá hefur verið tekið í notkun rafrænt gagnvirkt innkaupakerfi um þjónustu sérfræðinga í tilteknum skipulags, byggingar, samgöngu,

umhverfis og veitumálum fyrir Reykjavíkurborg. Samþykkt var tillaga um þátttakendur í innkauparáði 16. janúar 2020. Þar á meðal eru allir þeir 5 aðilar sem stærstir eru á markaðinum og mestu viðskipti hafa verið við skv. yfirlitinu sem vísað er til í fyrirspurninni.

Fjöldi birgja skv. yfirliti er 60 og við ákvörðun um innkaup er litið til þeirra reynslu, þekkingar, hæfis og afkastagetu sem viðkomandi fyrirtæki býr yfir.

- 3) Við ákvörðun um innkaup er litið til þeirra reynslu, þekkingar og hæfis sem viðkomandi fyrirtæki býr yfir.
- 4) Ekki er venja að tilgreindar séu í framlögðum gögnum upplýsingar um tímagjöld, afslætti og /eða einingaverð í viðskiptum við birgja.

Hreinn Ólafsson,  
fjármálastjóri umhverfis- og skipulagssviðs

